

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Kelduland, L228225.*

Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir byggingu vélaskemmu og íbúðarhúss auk þess sem lögð er til varanlegri vegtenging frá þjóðvegi.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. mars 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, Hnaus 2, Mosató 3, hótél, L225133.*

Óveruleg breyting er gerð á lóðinni Mosató 3, hótél, L225133. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og vatnsvernd er felld út þar sem hótelið er nú tengt vatnsveitu Flóahrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. júní 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, Hnaus 2.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Hnaus 2. Í breytingunni felst að lóð Hnauss 2A breytist og minnkar, lóðum Hnaussá 1 - 4 er hnikað til og þær stækkaðar. Akvegur frá hesthúsalóð Hnauss 2C og að lóðum er felldur út en í hans stað kemur aðkoma frá lóðum í Hnausási.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. júlí 2021.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**